

Stjórnarfundur Gígjunnar haldinn á kaffihúsinu Kaffitár í Perlunni Reykjavík, laugardaginn 11.nóvember kl 10-12.

Mættar: Kolbrún Halldórsdóttir formaður

Astrid Sörensen gjaldkeri

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður

Una Þórey Sigurðardóttir ritari

Fjarverandi:

Valgerður Hanna Úlfarsdóttir meðstjórnandi

Dagskrá og umræðuefni fundar

1. Samningur Gígjunnar við Fjölís, hagsmunafélag um höfundarrétt.

Kolbrún hafði samband við Þórhildi Kristjásdóttur en Þórhildur hefur unnið að samningnum fyrir hönd Gígjunnar. Það hefur ekkert gerst í þessum málum síðan Þórhildur fundaði með stjórn Gígjunnar fyrir um ári. (Sjá fundargerð frá 4.desember 2016.) Ferlið er í höndum Fjölís þar sem Fjölís hafði frumkvæði að gerð nýs samnings. Farið verður eftir gamla samningnum þar til Fjölís leggur fram nýjan samning um höfundarrétt.

2. Ársreikningar Gígjunnar frá síðasta aðalfundi.

Ekki er vitað hvort skoðunarmenn hafa samþykkt síðustu ársreikninga. Astrid gjaldkeri hefur samband við Guðlaugu Ásgeirsdóttur fráfarandi gjaldkera.

3. Vefsíða Gígjunnar.

Hrafnkell Örn Ingólfsson, starfsmaður Premis sem hýsir vefsíðu Gígjunnar hafði samband við Kolbrúnu og lét vita að til stæði að leggja niður kerfið sem hýsir vefsíðuna. Þetta er gamalt kerfi og Premis vill setja upp nýtt kerfi og uppfæra síðuna. Vefsíðan verður lögð niður ef hún verður ekki uppfærð á einhvern hátt. Endurnýjun ásamt uppfærslu kostar um það bil 200 þús. – án virðisaukaskatts. Innifalið í uppfærslunni er vefhönnun og flutningur á eldra efni. Núverandi heimasíða er barn síns tíma og í raun komin tími á endurnýjun. Með nýrri síðu fást nýir möguleikar, svo sem heimasvæði fyrir hvern kór, miðasöluakerfi og ýmislegt. Stjórn samþykkir að farið sé í uppfærslu á síðunni og Kolbrún verður í sambandi við Hrafnkel og skoðar möguleika í samráði við hann.

4. 50 ára afmæli Kvennakórs Suðurnesja.

Kvennakór Suðurnesja fagnar 50 ára afmæli á næsta ári og er elsti starfandi kvennakór landsins. Því telur stjórn við hæfi að Gígjan færi kórnum gjöf af því tilefni. Samþykkt er að einhver/einhverjar úr stjórn Gíggjunnar mæti á afmælistónleikana og færi konum í Kvennakór Suðurnesja afmælisgjöf. Í framhaldi af þessari afmælis umræðu var samþykkt að grennslast fyrir um stofndaga eða ár aðildarkóra Gíggjunnar. Gaman væri að hafa þessar upplýsingar á heimsíðunni. Astrid sendir fyrirspurn til aðildarkóranna varðandi stofndag/ár um leið og hún óskar eftir upplýsingum um félagatölu hvers kórs.

5. Útgáfa nótnabókar.

Rætt var um hugmynd Margrétar Bóasdóttur um útgáfu nótnabókar fyrir kvennakóra. Hugmynd Margrétar fellst í að Gígjan gefi út nótnabók með lagasmíðum sem Gígjan og aðildarkórar hennar hafa gefið út, s.s. landsmótslögum. Með forsölu mætti fjármagna útgáfuna fyrirfram. Rætt var um kostnað og notagildi.

Astrid Sörensen kom með hugmynd um að hafa nótnabókina á rafrænu formi, sem sé rafrænt nótnasafn aðgengilegt á heimasíðu Gíggjunnar. Það væri væntanlega ódýrara í útgáfu og umhverfisvænna. Hægt væri að fá/ kaupa nótur af einstökum lagasmíðum í stað heillar bókar. Huga þarf að því hverjir hefðu aðgang að bókinni og hvernig. Skoða þarf báða möguleikana og kanna útfærslu á rafrænu formi. Að því loknu, leggja verkefnið fyrir ritnefnd. Kolbrún ætlar að athuga möguleikana á rafræna forminu og einnig að hafa samband við Margréti Bóasdóttur varðandi hennar hugmyndir.

6. 15 ára afmæli Gíggjunnar.

Ný vefsíða og útgáfa nótnabókar eru tilvalin afmælis verkefni að mati stjórnar.

7. Önnur mál.

a. Hlutverk og tilgangur Gíggjunnar.

Gíggjan er fremur ósýnileg og margar konur í aðildarkórunum þekkja ekki til þessara samtaka né vita fyrir hvað þau standa.

Stjórn samþykkir að gera átak til að kynna Gíggjuna á landsvísu. Ákveðið er að stjórnarkonur reyni að fara á æfingar hjá sem flestum aðildarkórum, kynna Gíggjuna og fræðast um kórana. Einnig að hvetja aðildarkóra til að kynna sig og hvað þeir eru að gera, s.s. tónleikahald, á vefmiðlum er tengjast kvennakórum. Ný vefsíða Gíggjunnar gæti skapað nýjan og ferskan vettvang til að auka

kynningu og samskipti aðildarkóra.

b. Nýir kvennakórar.

Íslenskir kvennakórar blómstra og frést hefur af nýjum kvennakór á Húsavík..

Einnig hefur heyrst af íslenskum kvennakór í Luxemborg.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 12:00

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir